

Brim hf.
Jörgen Svërrisson
Hafnarbyggð 7,
690 Vopnafirði

Reykjavík, 2. nóvember 2020
UST202001-417/gf
08.10.02

Varðar reglubundið eftirlit 2020 – fiskimjölsverksmiðja Brims hf. á Vopnafirði

Þann 28.9.2020 fór fram eftirlit í fiskimjölsverksmiðju Brims hf. á Vopnafirði. Í samræmi við 57. grein reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit sendist meðfylgjandi eftirlitsskýrsla.

Eitt frávik frá kröfum í starfsleyfi kom fram við eftirlit, en það snéri að skilum á útstreymisbókhaldi ársins 2019. Útstreymisbókhaldið barst eftir 1. maí sl. en hefur nú verið skilað og ekki kemur til eftirfylgni vegna þessa. Frávikinu er lokað.

Tvær ábendingar voru gerðar í eftirlitinu (sjá meðfylgjandi eftirlitsskýrslu).

Virðingarfyllst,

Gottskálk Friðgeirsson

Halla Einarisdóttir
teymisstjóri

Afrit:
Heilbrigðisnefnd Austurlandssvæðis

EFTIRLITSSKÝRSLA

Brim Vopnafirði Vopnafjörður



| | | | |
|---------------------|-------------------|-------------------------|------------------------|
| Dags eftirlits | 28.9.2020 | Ábyrgðarmaður eftirlits | Gottskálf Friðgeirsson |
| Fyrirtæki | Brim Vopnafirði | Eftirlitsmaður | Dröfn Svanbjörnsdóttir |
| Heimili | Hafnarbyggð 7 | Tegund eftirlits | Framselt eftirlit |
| Kennitala | 5411850389 | Flokkur | Fiskimjölsverksmiðja |
| Fulltrúi fyrirtækis | Jörgen Sverrisson | ÍSAT nr. | 15.20.7 |
| Fulltrúi fyrirtækis | | Staðsetning | 691171,367 590414,525 |

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Eitt frávik var staðfest í eftirlitsferðinni er varðar sein skil á útstreymisbókhalda fyrir árið 2019.

Vakin var athygli á grein 20.6 reglugerðar nr. 884/2017 sem líka á við um lýsisgeyma, en þar kemur fram að mæla skuli olíu í fráveituvatni frá olíubrigðarstöðvum að lágmarki þriðja hvert ár. Olía í frárennsli má að hámarki vera 15 ppm (mg/kg).

Bent er á kröfur til fljótandi efnavöru í gr. 2.24 í starfsleyfi. Við geymslu og meðhöndlun efna skal takmarka aðgengi og mengunarhættu eins og kostur er. Ef niðurföll eru í efnageymslum skulu þau vera lokað og lokað nema undir eftirliti starfsmanna.

UMFANG EFTIRLITS

Eftirlitið var framkvæmt af Heilbrigðiseftirliti Austurlands. Eftirlitsmaður var Dröfn Svanbjörnsdóttir.

Boðað umfang eftirlitsins var eftirfarandi:

1. Síðustu eftirlitsskýrslu – staða fráviks
2. Kröfur í starfsleyfi – áætlanir, mælingar, skýrslur, tilkynningar og skráningar rekstraraðila (m.a. þykktarmæling geyma og þrýstiprófun lagna)
3. Tíðni eftirlits og kerfisbundið mat á áhættu
4. Önnur mál, atvik, óhöpp og kvartanir
5. Vettvangsskoðun um fyrirtækið

Fiskimjölsverksmiðja Brims hf. á Vopnafirði er með starfsleyfi sem gildir til ársins 2030. Eftirlitsheimsóknin hófst á fundi með fulltrúa fyrirtækisins. Á fundinum var farið yfir síðustu eftirlitsskýrslu, rætt um starfsemina á árinu og starfsleyfi fyrirtækisins yfirfarið vegna skráninga í tengslum við innra eftirlit. Farið var yfir skjal um eftirlit með olúgeymum á starfstöðinni. Áhættumat vegna tíðni eftirlits frá síðasta eftirliti var uppfært miðað við núverandi stöðu. Niðurstaða áhættumatsins verður notuð sem grunnur við gerð eftirlitsáætlunar 2021. Að lokum var farið í skoðun um athafnasvæði verksmiðjunnar.

Í eftirlitsskýrslu vegna síðustu eftirlitsheimsóknar kom fram eitt frávik frá starfsleyfi, sbr. grein 41 reglugerðar nr. 884/2017, er varðar skort á mengunarvörnum við neyslugeyma fyrir eldsneyti. Í vettvangsskoðun eftirlitsins var staðfest að gengið hefði verið frá neyslugeymum á viðeigandi hátt og þeir eru nú tvöfaldir plastgeymar með árekstrarvörnum. Að auki voru tvær ábendingar gerðar í síðustu eftirlitsskýrslu er varða annars vegar geymslu efnavöru og hins vegar skort á upplýsingagjöf til eftirlitsaðila vegna breytinga á úrbótum við hreinsivirki. Þann 25. nóvember 2019 barst tilkynning frá rekstraraðila um breytingu á úrbótaáætlun vegna mengunaróhapps sem átti sér stað haustið 2018 sem Umhverfisstofnun samþykkti. Í tilkynningunni kom fram að í stað þess að bæta við þriðja þrepinu í fleytingu á fitu var fleytiflórum frá vinnsluvélum skipt út fyrir færribönd og þar af leiðandi minnkar álagið á hreinsivirkinu með minni vatnsnotkun. Í eftirlitsferðinni kom fram að rekstraraðila þótti ekki ástæða til að gera breytingar á efnageymslu verksmiðjunnar þrátt fyrir að í aðstöðunni séu niðurföll og efni í fljótandi formi standi ekki á lekabyttum.

Ekki hafa borist kvartanir vegna starfseminnar og engin mengunaróhöpp hafa verið skráð frá því að verksmiðjan var síðast heimsótt. Viðeigandi þjónustuaðilar sjá um að tæma fitugildru eftir þörfum sem og flutning á úrgangsolíu. Staðfestingar flutningsaðila voru fyrirbyggjandi. Skírteini um tryggingu fyrir skaðabótaábyrgð vegna bráðamengunar dags. 12.10.2019 liggur fyrir hjá starfstöðinni.

Farið var yfir eftirlitsmælingar sbr. grein 3.2 í starfsleyfi. TVN er mælt daglega og niðurstöðum skilað reglulega til eftirlitsaðila. Þann 24. maí sl. mældist TVN yfir viðmiðunarmökum og var tilkynnt um atvikið í samræmi við grein 2.9. í starfsleyfi. Sýni voru tekin af fráveituvatni á kolmunnaveitíð í desember 2019. Niðurstöður koma fram í skýrslu frá verkfræðistofunni Verkís og þar kemur fram að losun mengandi efna í frárennsli frá hreinsibúnaði mældist innan þeirra marka sem koma fram í grein 2.17 í starfsleyfi.

Grænu bókhaldi vegna ársins 2019 hefur verið skilað í samræmi við grein 3.3, skv. sömu grein átti fyrirtækið að skila útstreymisbókhaldi vegna ársins 2019 fyrir 1. maí sl. en það var ekki gert. Yfirlýsing þar sem fram kemur að magn mengandi efna sé undir þeim kröfum sem fram koma í viðauka við reglugerð um útstreymisbókhald var send sama dag og eftirlitsferðin var farin.

Í samræmi við gr. 4.1 og 4.4 í starfsleyfi voru umhverfismarkmið og viðbragðsáætlun fyrirtækisins endurskoðuð og uppfærð haustið 2019.

Fjórir lýsisgeymar tilheyra verksmiðjunni og er ein lekavarnarþró um þá alla. Tveir geymar af fjórum hafa verið botnþykktarmældir en þykktarmæla þarf lýsis- og olíubirgðageyma á a.m.k. 10 ára fresti. skv. greinar 20.5 og 50 í reglugerð nr. 884/2017. Mælingar voru framkvæmdar 15. og 29. apríl 2019 og niðurstöður sendar á eftirlitsaðila. Umhverfisstofnun hefur samþykkt áframhaldandi notkun á geymum.

Útskipunarlögn fyrir lýsi hefur verið þrýstiprófuð en á 5 á fresti skal þrýstiprófa niðurgrafnar olíulagnir og allar löndunarlagnir skv. grein 20.2 reglugerðar nr. 884/2017. Prófunin var framkvæmd 2. október sl. og niðurstöður sendar á eftirlitsaðila. Samkvæmt skýrslunni stóðst lögnin prófið.

Að fundi loknum var farið í skoðunarferð um svæðið. Lóð og umhverfi starfstöðvar voru skoðuð en vegna Covid 19 var ekki farið inn í verksmiðjuna. Efnageymsla, sorpgeymsla og fyrirkomulag olíugeyma til afgreiðslu á vélar verksmiðjunnar voru skoðuð sérstaklega. Snyrtilegt var um að litast og ekki ástæða til athugasemda. Samt sem áður er bent á grein 2.24 í starfsleyfi hvað varðar geymslu fljótandi efnavöru.

Frávik frá

Lýsing á fráviki

ákvæði í grein 3.3 í starfsleyfi

Útstreymisbókhaldi vegna ársins 2019 var skilað seint en síðasti skiladagur er 1. maí ár hvert. Ekki mun koma til eftirfylgni og telst frávikin lokað.


ÁBENDINGAR

1. Rekstraraðila er bent á kröfur til fjjóttandi efnavöru í gr. 2.24 í starfsleyfi. Við geymslu og meðhöndlun efna skal takmarka aðgengi og mengunarhættu eins og kostur er.
2. Rekstraraðila er bent á kröfur til lekavarna (þróa) um lýsisgeyma. Niðurfalið í þróu skal tengt olíuskilju. Niðurfalið skal vera lokað nema þegar rigningarvatni er hleypt niður úr þrónni. Mæla skal olíu (lýsi) í frárennsli olíuskilju að lágmarki á þriggja ára fresti.

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Ábending: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

28.10.2020



Gottskálk Friðgeirsson